

24
8. sept.

L Ö G

um

heimild handa ríkisstjórninni til þess að ábyrgjast lán fyrir Byggingarsjóð
verkamanna í Reykjavík.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau
með samþykki Voru:

1. gr.

Ráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, er heimilt að ábyrgjast lán, er Bygg-
ingarsjóður Reykjavíkur tekur hjá Statsanstalten for Livsforsikring i Kaup-
mannahöfn, að upphæð 200000 íslenskar krónur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gefið á Sorgenfrihöll, 8. september 1931.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Asgeir Asgeirsson.